

Nd.

152. Frumvarp til laga

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskisöluaðilum í verðlagsráði og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið skv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir úrskurð yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar s. l., kom í ljós, að sumir þeir aðilar, er fulltrúa eiga í verðlagsráði, voru óánægðir með 1. málslið 7. greinar laga nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins. Þótti þeim verðlagsráði sniðinn of þröngur stakkur hvað snertir sjónarmið þau, er leggja skal til grundvallar við ákvörðun verðlagsráðs um lágmarksverð sjávarafla. Einkum töldu fulltrúar fiskseljenda óheppilegt, að ekki væri tekið fram í lögnum, að kostnaður við öflun fiskisins og verkun skyldi hafa áhrif á verðið. Hefur ósamkomulag aðila um þetta atriði magnast síðan, og er svo komið, að yfirnefnd verðlagsráðsins má heita óstarfhæf.

Tilgangur laganna um verðlagsráð sjávarútvegsins var í upphafi sá, að með tilkomu verðlagsráðs yrði sanngjarnlega skipt þeim verðmætum, sem fyrir hendi væru, milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Ætti sú breyting á lögnum, sem hér er lögð til, að gera kleift, að svo verði einnig í framtíðinni. Með frumvarpinu eru verðlagsráði gefnar allfrjálsar hendur um verðlagsákvarðanir innan þess ramma, sem gildandi gengi krónunnar setur, en þau grundvallarsjónarmið, sem ríkja skulu við ákvörðun um lágmarksverð á sjávarafla, eru áréttuð til leiðbeiningar. Skal þar taka tillit til hagsmuna beggja aðila, fiskkaupenda og fiskseljenda.

Enn fremur er sú breyting gerð á 9. gr. laganna, að forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar er sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar.

Þessi skipan er hliðstæð því, að hagstofustjóri er oddamaður við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða. Ætti hún að tryggja betur en verið hefur, að samræmi skapist í úrskurðum nefndarinnar, og auðvelda það, að verðlagsákvarðanir séu teknar á grundvelli sem fullkomnastra upplýsinga um afkomu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og launaþróunar í landinu og með tilliti til almennra aðstæðna þjóðarbúskaparins. Þar sem um margar verðlagsákvarðanir er að ræða á hverju ári, þykir rétt að gera forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar kleift að setja fulltrúa í sinn stað.